EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3436

Rekstraraðili Veiðifélag Landmannaafréttar kt: 6305800999	**Tegund starfsemi** Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera	**Starfsleyfisnúmer:** UST-2020-L011-01 **Gildistími starfsleyfis** 20. maí 2037
Starfsstöð Gata Rangárþing Ytra	**Tegund eftirlits** Reglubundið eftirlit	**Dagsetning eftirlits** 19. október 2026
Starfstöðvarnúmer: ET-458	**Eftirlitsmaður** Kjartan Guðmundsson	**Útgáfudagur skýrslu** 19. nóvember 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Hafsteinn Hannesson	Framkvæmdastjóri
Vignir Freyr	

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit komu fram tvö ný frávik frá starfsleyfi. Þrjú frávik frá eftirliti 2025 standa opin.

Umfang eftirlits

Fram fór reglubundið eftirlit með vettvangsheimsókn hjá Veiðifélagi Landmannaafréttar að Götu þann 19. október 2026. Í eftirlitinu voru jafnframt teknar út úrbætur vegna frávika sem skráð voru í eftirliti 7. júlí 2025, sbr. samþykkta úrbótaáætlun frá 24. september 2025.

Veiðifélag Landmannaafréttar rekur landeldi á laxfiskaseiðum (ísaldarurriða) að Götu í Rangárþingi ytra. Samkvæmt gr. 1.2 í starfsleyfi skal lífmassi í eldisstöðinni ekki vera meiri en 50 kg á hverjum tíma. Samkvæmt ársyfirliti fyrir árið 2025 var framleiðsla ársins 637,5 kg og lífmassi í lok árs 776,8 kg. Starfsemin fer því fram úr umfangi starfsleyfis. Sett er nýtt frávik vegna umfangs starfseminnar árið 2025, til viðbótar þeim þremur sem skráð voru í eftirliti 2025.

Við eftirlit 7. júlí 2025 voru skráð þrjú frávik frá gr. 1.2 í starfsleyfi þar sem lífmassi var yfir mörkum starfsleyfis árin 2022, 2023 og 2024. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila skyldi sótt um breytingu á starfsleyfi. Rekstraraðili gerði grein fyrir því að umsóknin væri í vinnslu og biði afgreiðslu sveitarfélagsins á breyttri skráningu húsnæðisins. Frávikin standa opin þar til breytt starfsleyfi hefur verið gefið út.

Frávikum frá eftirliti 2025 vegna ófullnægjandi ársyfirlita fyrir árin 2022 og 2023 var lokað þegar uppfærð ársyfirlit bárust eftirlitsaðila í október 2025.

Ársyfirlit og umhverfisupplýsingar fyrir árið 2025 bárust eftirlitsaðila 30. apríl 2026. Farið var yfir skráningar ársins, losun fosfórs og köfnunarefnis og niðurstöður mælinga við inntak og útrás. Ekki var tilefni til athugasemda.

Eftirlitsaðili fór ásamt fulltrúa rekstraraðila um lóð, eldishús og klakhús. Rekstraraðili hefur tekið til á lóð og í geymslum og losað sig við mikið af búnaði sem ekki tilheyrir rekstrinum, sbr. ábendingu í eftirliti 2025. Enn er málmúrgangur á lóð sem rekstraraðili gerði grein fyrir að yrði sóttur, auk kerja sem verða nýtt annars staðar. Samkvæmt gr. 2.3 í starfsleyfi skal rekstraraðili halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Sett er frávik.

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir voru skráð á árinu 2025.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 2.3 í starfsleyfi	Frávik skráð19.10.2026 Rekstraraðila er skylt að ganga vel um og skal hann halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu *Málmúrgangur og ker sem ekki eru í notkun eru geymd á lóð stöðvarinnar.*	**Opið**
gr. 1.2 í starfsleyfi	Frávik skráð: 19.10.2026 Umfang starfsemi skal vera í samræmi við kröfur í starfsleyfi. *Lífmassi í eldisstöðinni skal ekki vera meiri en 50 kg á hverjum tíma. Lífmassi í lok árs 2025 var 776,8 kg.*	**Opið**
gr. 1.2 í starfsleyfi	Frávik skráð: 07.07.2025 Umfang starfsemi skal vera í samræmi við kröfur í starfsleyfi. *Lífmassi í eldisstöðinni skal ekki vera meiri en 50 kg á hverjum tíma. Lífmassi í lok árs 2024 var 615 kg.*	**Opið**
gr. 1.2 í starfsleyfi	Frávik skráð: 07.07.2025 Umfang starfsemi skal vera í samræmi við kröfur í starfsleyfi. *Lífmassi í eldisstöðinni skal ekki vera meiri en 50 kg á hverjum tíma. Lífmassi í lok árs 2023 var 486,6 kg.*	**Opið**
gr. 1.2 í starfsleyfi	Frávik skráð: 07.07.2025 Umfang starfsemi skal vera í samræmi við kröfur í starfsleyfi. *Lífmassi í eldisstöðinni skal ekki vera meiri en 50 kg á hverjum tíma. Lífmassi í lok árs 2022 var 382,9 kg.*	**Opið**

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.